



HRUNAMANNAHREPPUR

53. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2006 – 2010 13. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 17. DESEMBER 2009
KL. 16.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2009, þann 17. desember kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ísólfur Gylfi Pálmason sem skráði fundargerð og Ragnar Magnússon, einnig sat Svanhildur Hrönn Pétursdóttir, skrifstofustjóri fundinn undir fyrstu þremur dagskrárliðum. Oddviti sem setti fund og stjórnaði honum. Því næst óskaði oddviti eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Nokkur atriði varðandi seinni umræðu fjárhagsáætlunar 2010
2. Nefndarstörf í Hrunamannahreppi – (framhaldsumræða).
3. Drög að fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2010 (seinni umræða).
4. Drög að innkaupareglum Hrunamannahrepps (seinni umræða).
5. Leigusamningur v. Hverahólma – (framhaldsumræða).
6. Skipan vettvangsstjórnar almannavarna fulltrúi Hrunamannahrepps.
7. Íbúðalánasjóður: Vegna fasteigna í þeirra eigu í Hrunamannahreppi.
8. Tónlistarskóli Árnesinga – upplýsingar fá síðasta fundi.
9. Samþykkt um fráveitur – yfirferð Umhverfissráðuneytisins efnislegar ábendingar.
10. Drög að nýrri gjaldskrá fyrir Félagsheimili Hrunamanna.
11. Matis: Tillaga að nýjum nöfnum á sauðfjárveikivarnarhólfum
12. Matis: Fé sem heimtist utan sinna heimarétta, bréf frá 11. des.sl.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

1. 118. fundur félagsmálanefndar frá 2. desember s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 430. fundur stjórnar frá 11. desember s.l.
- b. SASS: Bréf frá 3. des. s.l. Tilfærsla málefna fatlaðra á Suðurlandi.
- c. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 123. stjórnarfundur frá des.sl
- d. Sorpstöð Suðurlands: 181. stjórnarfundur frá 11. nóvember s.l.
- e. Sorpstöð Suðurlands: 182. stjórnarfundur frá 20. nóvember s.l.
- f. Sorpstöð Suðurlands: 183. stjórnarfundur frá 27. nóvember s.l.

Önnur mál og upplýsingar:

- a. Hrunamannahreppur bréf til Landbúnaðarráðuneytisins: Bréf vegna Efra Langholts – landskipti.
- b. Félags- og Tryggingamálaráðuneytisins v. málefna fatlaðra dags. 7. des. s.l.
- c. Félagsmálastjóri: Svar til Félags- og Tryggingamálaráðuneytisins v. málefna fatlaðra bréf frá 8. desember s.l.
- d. Varasjóður húsnæðismála: v. húsaleigubóta óafgreitt samkomulag ríkis- og sveitarfélaga.
- e. Geysir: Frá félagi einstaklinga sem eiga við geðraskanir að stríða bréf dags. 30. nóv. s.l.
- f. Alta: Upplýsingar um starfsemi bréf frá 26. nóv. s.l.
- g. Jafnréttisstofa: Bréf frá 2. desember upplýsingar um jafnréttisáætlun.
- h. Rannsóknarnefnd umferðarslysa: Bréf dags. 2009.
- i. Félagsmiðstöðin Zero drög að starfsáætlun 2010

Fundir framundan:

1. Aðalfundur Hótel Flúða – 18. desember kl. 14.00
2. Fundur veidiréttareigenda Stóru Laxár Árnesi 21. desember kl. 20.30

Skýrslur liggja frammi á skrifstofu:

1. Ársskýrsla Klúbbsins Geysis 2008
2. Ársskýrslur Vinnumálastofnunar 2007 og 2008.
3. Skýrsla Landmælinga Íslands v. CORINE flokkunarverkefna.

Því næst var gegnið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Nokkur atriði varðandi seinni umræðu fjárhagsáætlunar 2010 Sveitarstjóri lagði fram lista yfir samþykktir um breytingar á gjald og tekjuliðum sem tengjast framlagningu Fjárhagsáætlunar 2010 vísað er til framlagðra gagna. Hreppsnefnd samþykkir listann.
2. Nefndarstörf í Hrunamannahreppi – (framhaldsumræða). Sveitarstjóri fór yfir tillögu að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna í framhaldi af umræðu á síðasta fundi hreppsnefndar. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.

3. **Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2010. Seinni umræða.**
Sveitarstjóri lagði fram sundurliðanir innri færslna sem ekki hafa áhrif á niðurstöður áætlunarinnar. Helstu niðurstöðutölur eru:
Rekstrarniðurstaða A hluta kr. 8.371.000
Rekstrarniðurstaða B hluta kr. 8.981.000
Veltufé frá rekstri kr. 59.900.000
Heildareignir A. hluta kr. 733.158.000
Heildareignir B. hluta kr. 841.230.000
Heildarskuldir og skuldbindingar A hluti kr. 414.064.000
Heildarskuldir og skuldbindingar B hluta kr. 695.222.000
Eigið fé A hluta kr. 319.094.000
Eigið fé B hluta kr. 146.007.000
Ekki er gert ráð fyrir lántöku eða fjárfestingum í eignasjóði í áætluninni að öðru leyti er vísað til framlagðra gagna og samþykkt frá 52. fundi hreppsnefndar 9. desember s.l. Hreppsnefnd samþykkir fjárhagsáætlunina samhljóða.
4. **Drög að innkaupareglum Hrunamannahrepps (seinni umræða).** Hreppsnefnd samþykkir reglunar.
5. **Leigusamningur v. Hverahólma – (framhaldsumræða).**
Oddviti kynnti tillögur að breytingum að leigusamningi varðandi Hverahólma. Samþykkt að fela sveitarstjóra að bæta nánari skýringum við 2. og 5. gr. samningsins og að senda Birni Kjartanssýni tillögurnar. Einnig felur hreppsnefnd sveitarstjóra að senda öðrum landeigendum tillögurnar til skoðunar og yfirferðar.
6. **Skipan vettvangsstjórnar almannavarna fulltrúi Hrunamannahrepps.** Oddviti kynnti bréf frá formanni Almannavarnarráðs Árnessýslu þar sem óskað er eftir því að Hrunamannahreppur skipi fulltrúa Hrunamannahrepps í vettvangsstjórn almannavarna. Fulltrúar hreppsins eru: Jóhann Marelsson fulltrúi slökkviliðs, Hannibal Kjartansson fulltrúi tæknisviðs hreppsins og Steingrímur Jónsson fulltrúi Björgunarfélagsins Eyvindar. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.
7. **Íbúðalánasjóður: Vegna fasteigna í þeirra eigu í Hrunamannahreppi.** Oddviti kynnti bréf frá íbúðalánasjóði vegna fasteigna í þeirra eigu hér í hrepp. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að ræða við bréfitara um íbúðir Íls á svæðinu og afnot þeirra.
8. **Tónlistarskóli Árnesinga – upplýsingar fá síðasta fundi.** Oddviti kynnti svar við fyrirspurn sem sveitarstjóri lagði fyrir forsvarsmenn Tónlistarskólans vegna umræðna á síðasta hreppsnefndarfundi. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.
9. **Samþykkt um fráveitur – yfirferð Umhverfisiráðuneytisins efnislegar ábendingar.** Oddviti kynnti bréf frá Umhverfisiráðuneytinu um ábendingar frá þeim vegna samþykktar um fráveitur engar efnislegar breytingar eru í ábendingunum og samþykkir hreppsnefnd samþykktirnar með áorðnum breytingum.
10. **Drög að nýrri gjaldskrá fyrir Félagsheimili Hrunamanna.** Oddviti kynnti tillögu að nýrri gjaldskrá fyrir Félagsheimilið. Hreppsnefnd samþykkir gjaldskrána.
11. **Matís: Tillaga að nýjum nöfnum á sauðfjárveikivarnarhólfum** Oddviti kynnti tillögu að nýjum nöfnum en vísar málinu til Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps.
12. **Matís: Fé sem heimtist utan sinna heimarétta, bréf frá 11. des.sl.** Oddviti kynnti bréf frá Matvælastofnun. Hreppsnefnd vísar málinu til Landbúnaðarnefndar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

1. 118. fundur félagsmálanefndar frá 2. desember s.l. Oddviti kynnti fundargerð 118. fundar félagsmálanefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina. Sveitarstjóra falið að ræða við félagsmálastjóra vegna fósturfjölskyldna.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- g. SASS: 430. fundur stjórnar frá 11. desember s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- a. SASS: Bréf frá 3. des. s.l. Tilfærsla málefna fatlaðra á Suðurlandi. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- b. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 123. stjórnarfundur frá des.sl Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- c. Sorpstöð Suðurlands: 181. stjórnarfundur frá 11. nóvember s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- d. Sorpstöð Suðurlands: 182. stjórnarfundur frá 20. nóvember s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- e. Sorpstöð Suðurlands: 183. stjórnarfundur frá 27. nóvember s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.

Önnur mál og upplýsingar:

- a. Hrunamannahreppur bréf til Landbúnaðarráðuneytisins: Bréf vegna Efra Langholts – landskipti. Lagt fram til kynningar
- b. Félags- og Tryggingamálaráðuneytisins v. málefna fatlaðra dags. 7. des. s.l. Lagt fram til kynningar
- c. Félagsmálastjóri: Svar til Félags- og Tryggingamálaráðuneytisins v. málefna fatlaðra bréf frá 8. desember s.l. Lagt fram til kynningar
- d. Varasjóður húsnæðismála: v. húsaleigubóta óafgreitt samkomulag ríkis- og sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar
- e. Geysir: Frá félagi einstaklinga sem eiga við geðraskanir að stríða bréf dags. 30. nóv. s.l. Lagt fram til kynningar
- f. Alta: Upplýsingar um starfsemi bréf frá 26. nóv. s.l. Lagt fram til kynningar
- g. Jafnréttisstofa: Bréf frá 2. desember upplýsingar um jafnréttisáætlun. Lagt fram til kynningar sveitarstjóra falið að senda félagsmálanefnd bréfið til umfjöllunar.
- h. Rannsóknarnefnd umferðarslysa: Bréf dags. 2009. Lagt fram til kynningar
- i. Félagsmiðstöðin Zero drög að starfsáætlun 2010 Lagt fram til kynningar

Fundir framundan:

1. Aðalfundur Hótel Flúða – 18. desember kl. 14.00
2. Fundur veiðiréttareigenda Stóru Laxár Árnesi 21. desember kl. 20.30
Samþykkt að Ragnar Magnússon verði fulltrúi Hrunamannahrepps á fundinum.

- Sveitarstjóri sagði frá umsókn um starfsleyfi fyrir gá mavöll í Högnastaðamyri.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.18.10